

**Ed.**

**347. Frumvarp til laga**

[208. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir <sup>3</sup>/<sub>4</sub> hlutar íbúanna eru búsettir í kaupúni, fara fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnudags, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag júnímánaðar.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

- a. eru 20 ára að aldri þegar kosning fer fram,
- b. eru íslenskir ríkisborgarar,
- c. eru ekki sviptir löggræði,
- d. eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Ennfremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr. enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar 2 vikur eru til kjördags.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið komið á fót þeirri skipan, að norrænir ríkisborgarar, er dvelja í öðru landi en því, sem þeir hafa ríkisfang í, hafa kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna, enda hafi þeir dvalið í landinu samfellt þrjú ár fyrir kosningarnar.

Skipan þessari var komið á að frumkvæði Norðurlandaráðs og að undangenginni athugun starfshóps á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Átti Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti sæti í starfshópi þessum fyrir Íslands hönd. Skilaði starfshópurinn skýrslu um málið í mars 1975: Nordisk kommunal rösträtt och valbarhet, NU 1975:4.

Var lögum hinna Norðurlandanna breytt þannig, að norrænir ríkisborgarar höfðu kosningarrétt og kjörgengi við sveitarstjórnarkosningar í Finnlandi og Svíþjóð 1976, í Danmörku 1978 og í Noregi 1979. Gilti þetta einnig um íslenska ríkisborgara í þessum löndum.

Rök þau, sem einkum mæla með kosningarrétti og kjörgengi norrænna innflytjenda í dvalarlandi, eru einkum talin norrænn vinnumarkaður, hópar norrænna innflytjenda í löndunum, víðtækt norrænt samstarf og aukið jafnrétti norrænna innflytjenda á við borgara dvalarlandsins. Innflytjendur greiða skatta og skyldur til jafns við ríkisborgara landsins. Kosningarréttur til sveitarstjórna snertir ekki fullveldis- eða þjóðernissjónarmið á sama hátt og ef um þingkosningar væri að ræða. Þá eru nán tengsl íbúa og sveitarstjórna. Talið hefur verið rétt að áskilja búsetu um tiltekið tímabil sem skilyrði fyrir kosningarrétti og þrjú ár talin hæfileg búseta.

Erlendir ríkisborgarar hafa til þessa eigi haft kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna hér á landi, ef frá eru taldir þeir, sem slíkan rétt fengu með dansk-íslenska sambandslagasamningnum 1918, og þeim rétti halda enn samkvæmt lögum nr. 85 1946 um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur. Rétt þykir nú að veita dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna hér á landi, og verði miðað við þriggja ára samfellda búsetu í landinu fyrir kjördag svo sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Er þar um að ræða svipaðan tíma og gert er ráð fyrir að ríkisborgarar þessara landa þurfi að dvelja í landinu til að verða undanþegnir atvinnuleyfi samkvæmt frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga, er liggur fyrir Alþingi.

Samkvæmt íbúaskrá 1. desember 1980 voru íbúar hér á landi samtals 229.187, þar af 225.947 íslenskir ríkisborgarar, en 3240 útlendir ríkisborgarar eða 1.4% af íbúatölunni. Danskir ríkisborgarar voru þá 950 talsins, finnskir 45, norskir 275 og sænskir 90, þ. e. útlendir norrænir ríkisborgarar voru 1360 talsins eða 0,6% af íbúatölunni. Af þeim voru 907 á kosningaaldri og er áætlað að 670 þeirra uppfylli dvalarskilyrðið.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á sveitarstjórnarlögum í því skyni að veita norrænum ríkisborgurum hér á landi kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna. Auk þess eru sett ákvæði um kosningarrétt námsmanna o. fl., er dvelja á Norðurlöndum og um breytingu á kjördögum við sveitarstjórnarkosningar.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Lagt er til, að almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir <sup>3</sup>/<sub>4</sub> hlutar íbúanna eru búsettir í kaupþúni, fari fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnu, en aðrar sveitarstjórnarkosningar fari fram síðasta laugardag júnímánaðar.

Þar sem talning atkvæða fer að jafnaði fram nóttina eftir kjördag og margir vaka þá nótt og mjög almennt er orðið að ekki er unnið á laugardögum, þykir rétt að leggja til, að kjörfundur flytjist af sunnudegi á laugardag. Hefur slík skipan þegar verið ákveðin að því er varðar alþingiskosningar.

Full ástæða verður að telja að virða helgi hvítasunnunnar, þannig að kosning fari ekki fram laugardag fyrir hvítasunnu, og að sú eftirfarandi truflun þjóðlífs, sem talning hefur hér á landi, flytjist þannig ekki yfir á sjálfa hvítasunnuna.

##### Um 2. gr.

1. mgr.: Þessi málsgrein er óbreytt að öðru leyti en því, að óþarft þykir að viðhalda orðunum „eða hafa jafnan rétt við þá“ í b lið. Þessir útlendingar (jafnréttisdanir) mundu nú nær undantekningarlaust falla undir nýja ákvæðið um norræna útlendinga. Ákvæðið hefur í sjálfu sér verið óþarft, þar sem þeim er áskilið fullkomið jafnrétti við íslenska ríkisborgara í 1. gr. laga nr. 85 1946 um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

2. mgr.: Samkvæmt 1. mgr. 10. greinar lögheimilislaga nr. 35/1960 eiga þeir, sem stunda nám erlendis eða dvelja þar vegna sjúkleika eða heimsókna hjá venslafólki, rétt á að halda lögheimili hér á landi. Þeir Íslendingar, sem dvelja á Norðurlöndum vegna fyrrgreindra ástæðna, undirrita flestir samnorrænt flutningsvottorð, sem veitir þeim ýmis réttindi í því landi þar sem dvalið er, en leiðir á hinn bóginn til þess, að þeir teljast ekki lengur eiga lögheimili hér á landi. Þeir, sem dvelja utan Norðurlandanna, þurfa hins vegar ekki að undirrita flutningstilkynningu með sama hætti. Er hér lagt til að réttarstaða þessara manna er dvelja á Norðurlöndum varðandi sveitarstjórnarkosningar verði hin sama og þeirra sem af sömu ástæðu dvelja utan Norðurlandanna.

3. mgr.: Vísað er til almennra athugasemda hér að framan. Er lagt til að miðað verði við þriggja ára samfellda búsetu í landinu miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag, auk búsetu þegar frá kjörskrá er gengið, sbr. 4. mgr.

4. mgr.: Nokkur óvissa hefur ríkt um, við hvaða tímamark eigi að miða, þegar skoríð er úr því í hvaða sveitarfélagi þeir eiga kosningarrétt, sem flytja milli sveitarfélaga eftir 1. desember næstan fyrir kjördag. Almennt er nú álitíð, að rétt túlkun viðkomandi lagaákvæða leiði til þess, að menn eigi rétt á að greiða atkvæði í því sveitarfélagi, þar sem þeir eiga lögheimili á kjördegi, en þessi niðurstaða veldur verulegum erfiðleikum þegar flutningur hefur átt sér stað skömmu fyrir þann tíma. Kjörskrárstofn er miðaður við 1. desember næstan á undan kjördegi, skv. 15. gr. laga 52/1959 um Alþingiskosningar, sbr. 1. gr. laga

5/1962 um sveitarstjórnarkosningar. Er því nauðsynlegt að gera breytingar á stofninum vegna allra þeirra, sem flytja lögheimili sitt eftir þann tíma og fram að kjördegi. Ekki þykir rétt að leggja til að miðað verði við 1. desember árið fyrir kosningar, þar sem óeðlilegt þykir að menn taki þátt í að velja sveitarstjórn í sveitarfélagi, þar sem þeir eiga ekki lengur hagsmuna að gæta. Er lagt til að miðað verði við lögheimili þegar 2 vikur eru til kjördags. Gert er ráð fyrir að fram að þeim tíma verði gerðar breytingar á kjörskránni samkvæmt tilkynningum um aðsetursskipti, sem sveitarstjórn berast. Er um það fjallað í frumvarpi til breytingar á lögum um sveitarstjórnarkosningar er fylgir þessu frumvarpi.